

AUGLÝSING

um (1.) breytingu á auglýsingu nr. 454/2023, um (3.) staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2022/2023.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæðum 1. mgr. 1. gr. auglýsingarinnar vegna Ísafjarðarbæjar:

- a. Fyrirsögn 1. mgr. 1. gr. breytist og verður: Ísafjarðarbær (breyting á almennum skilyrðum, breyting á viðmiðun um úthlutun, afmörkun landaðs afla, löndunarskylda, vinnsluskylda innan sveitarfélags).
- b. Við bætist nýr stafliður svohljóðandi:
 - e) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi sveitarfélags á tímabilinu frá 1. september 2022 til 31. ágúst 2023.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 4. júlí 2023.

F. h. r.
Benedikt Árnason.

Jón Þrándur Stefánsson.

B-deild – Útgáfudagur: 4. júlí 2023